



## Grænni byggð – Green Building Council Iceland

### Stjórnarfundur 24

**Staðsetning fundar:** Zoom

**Dagsetning:** 24.08.2020

**Mættir eru:** Þórhildur, Ragnar, Olga, Ólafur, Kristjana, Bjarni og Gyða Mjöll.

**Fundarritari:** Olga Árnadóttir

Stjórnarmeðlimir:

Bjarni Þór Þórólfsson (BÞÞ) – Búseti – bjarni@buseti.is

Gyða Mjöll Ingólfadóttir (GMI) – Samorka - gyda@samorka.is

Kristjana Ósk Jónsdóttir (KÓJ) – Reitir fasteignafélag – kristjana@reitir.is

Kristján Arinbjarnar (KA) – Íslenskir aðalverktakar - ka@iav.is

Olga Árnadóttir (OÁ) – Framkvæmdasýsla ríkisins – olga.a@fsr.is

Ólafur Haralds Wallewik (ÓHW) – Rannsóknarstofa byggingariðnaðarins – olafurw@ru.is/  
olafur.w@nmi.is

Ragnar Ómarsson (RÓM)– Verkís verkfræðistofa – rom@verkis.is

Þórhildur Fjóla Kristjánsdóttir (ÞFK) – Framkvæmdastjóri Grænni byggðar –  
tk@graennibyggd.is

**Dagskrá fundar:**

1. Fundargerð síðasta fundar
2. Fréttir úr starfinu
3. Viðburðir haustsins – Dagur Grænni byggðar o.fl.
4. Vegvísir fyrir vistvænan byggingariðnað fyrir 2030
5. BREEAM – staðan
6. WGBC – aðildarumsókn
7. Aðalfundur – undirbúningur – lagabreytingar tillaga
8. Rekstur skrifstofu



## 1. Fundargerð síðasta fundar

Fundargerð síðasta fundar er samþykkt án athugasemda.

## 2. Fréttir úr starfinu

- **BREEAM bæklingur um efniskröfur kominn út**

Elísabet Sara er búin að þýða. Flott vinna sem mun gagnast. Hnitmiðuð og aðgengileg þýðing á kröfunum úr BREEAM International New Construction staðlinum.

- **EPD – gagnabanki – byrjunin komin á heimasíðuna**

Komin fyrsta samantekt inn á heimasíðu GB. Vísir af gagnabanka. Spurning hvernig Grænni byggð ætlar að viðhalda þessu? Yfirfara 1x á ári? Eins er hægt að vísa í erlenda EPD gagnabanka. Flott fyrsta skref.

- **Rafhjólaviðburður**

Var haldinn í dag 25.08. Gekk vel, létt og áhugavert efni. 73 þáttakendur. Fjölbreytt innlegg. Unnið í samstarfi við Grænu orkuna.

Aðallega verið að fjalla um hvernig fyrirtæki geti hvatt starfsmenn til þess að nýta rafhjól og vistvæna ferðamáta meira. T.d. komið inn á ábyrgð fasteignaeigenda á sínu nærumhverfi.

- **Pólska GBC – og við að gera umsókn um verkefni tengd fræðslu um hringrásarhagkerfið**

Norska ríkið er að styrkja pólska ríkið í þessu. Grænni byggð ætlar að reyna að vera með í þessu. Fá pening inn í hringrásarhagkerfið.

- **Fundur hjá co-housing Reykjavík 13.október**

Búið að hafa samband við GB nokkrum sinnum vegna þessa. Þórhildur verður fundarstjóri hjá þessum samtökum bráðlega um þetta „concept“.

- **Lifum betur – sýningunni frestað – á að kíla á online viðburð**



- Grænni fjölbýli

- **Þrír nýir aðilar búnir að skrá sig – einstaklingsaðilar**

Mjög jákvætt.

Storð teiknistofa (Hermann Georg)

Steinselja ehf

Ydda arkitektar (Hjördís)

- **One click LCA**

BIONOVA – helsti aðilinn á evrópskum markaði í vistferilsgreiningum. Vilja gjarnan samstarf við Grænni byggð.

Það hangir töluvert mikið samstarf á spítunni, Þórhildur er ekki alveg viss með aðild Grænni byggðar að þessu. BREEAM samþykkir bara sérhæfð LCA byggingarforrit.

Spurningin er hvort að þessi fríi LCA one click hugbúnaður er samþykktur í BREEAM?

GB þarf að passa að loka ekki fyrir aðra LCA aðila. Passa upp á samkeppnina. Megum ekki útiloka aðra aðila á markaðnum.

Við þurfum að finna út hvort að svona samstarf loki á aðra og hvort að þetta er viðurkennt af BREEAM. Vega og meta betur áður en ákvörðun er tekin.

### **3. Viðburðir haustsins – Dagur Grænni byggðar o.fl.**

- **Rafhjólavæðingin**
- **Dagur Grænni byggðar**

Það er ekki ætlunin að fresta honum aftur. En það verður lögð meiri áhersla á streymi í ár sökum Covid.

Ásmundur Einar hefur staðfest erindi á fundinum.



GB getur fengið borgarstjórnarsalinn í Ráðhúsinu. Þar er hægt að streyma viðburðinum. Þá myndu það aðallega vera fyrirlesarar og stjórnin sem mæta.

Það verða engar veitingar og ekki mæting. Þá er spurningin um gjaldið á viðburðinn. Spurning með útfærslu á því?

Við þurfum að borga tæknimanni sem sér um streymið. Gæti borginn mögulega komið til móts við okkur varðandi tæknimann?

Kristjana kemur með þá hugmynd að taka saman smá myndband með helstu punktunum til að deila, gæti verið ágætis auglýsing og jafnvel halað inn aðilum. Reyna að finna vinkil sem er ekki mjög dýr. Kvikmyndaskólinn?

Umræða um vilja gesta til að greiða á streymisfund. Stjórnin telur vilja til staðar en þurfum að hafa gjaldið hóflegt. Gjaldtakan verður lægri en í fyrra, mögulega veitum við aðilum ókeypis aðgang. Þessi viðburður verður hærri kostnaðarliður í fjárhagsáætluninni í ár en hefur verið.

Spurning hvort að aðilar að Grænni byggð myndu vilja styrkja viðburðinn.

Streymi á vegum fjölmiðils. Væri plús fyrir okkur ef fjölmiðill sér um streymið og góð auglýsing í leiðinni. Gæti verið auðveldara að fá aðila til að styrkja viðburðinn ef við erum með opið streymi á viðburðinn.

**Fundarstjóri:** Fer eftir eðli fundarins. Væri sterkur leikur að vera með þekktan fundarstjóra. Ef þetta er opin fundur er skemmtilegra að hafa þekkt andlit. Kristjana er til í að vera fundarstjóri annars. Stjörnu Sævar? Andri Snær? Eva María? Eliza Reid? Raket í Vakandi?

- **Bíllausi dagurinn**  
Frestað – Reykjavíkurborg.
- **Lifum betur**  
Hefur verið frestað um ár.
- **Verk og vit**



Búið að fresta fram í apríl.

- **Svansvottuð endurnýjun á skrifstofuhúsnæði**  
UST nýr aðili, eru til í að vera með morgunfund um svansvottun á húsnæði UST bráðlega. Það væri mjög athyglisvert að heyra af því verkefni.
- **LCA verkfæri og útreikingar**
- **Möguleg námskeið með lðunni – fræðsluefnið frá 2019**
- **IcelandSif?**  
Morgunfundur með þeim um sjálfbærar fjarfestingar í samstarf við Reiti og Reginn. Það er komið go á þann viðburð, þarf að finna dagsetningu.
- **Endurnýtt efni – verk – vit!**
- **Hampinn – orkumálin – sveigjanleg hönnun – etc.**
- **Vinnustofur**
- **Aðlögun að loftslagsbreytingum**
- **Losunarlaus byggingarsvæði**  
Mjög spennandi. Væri hægt að halda morgunfund um þetta. Væri jafnvel hægt að fá fyrirlesara að utan Skanska t.d. Landvirkjun?

Viðburðarhaustið er öðruvísi en ætlað var. Gerum gott úr þessari stöðu og reynum að halda online viðburðum á lofti. Dagur Grænni byggðar verður stóri viðburðurinn í haust.

#### 4. **Vegvísir fyrir vistvænan byggingariðnað fyrir 2030**

Aðgerðaráætlun stjórnvalda. Kominn beinagrind af þessari vinnu. Fyrst á að setja niður starfshóp sem býr til þennan vegvísi.

GB þarf að veita þessari vinnu aðhald.

GB fékk það verkefni að safna upplýsingum um stöðuna á Norðurlöndum, kortlagning. Sem nýtist svo inn í þessa vinnu. Mun einnig nýtast GB vel. Jákvætt.

Ragnar er búinn að rýna. Bara verið að tala um útblástur á byggingartíma. Það er ekki verið að draga úr vistspori alls byggingariðnaðar á Íslandi, fremur verið að einblína á ríkið, að mati Ragnars.



## 5. BREEAM – staðan

Stjórnin var nokkuð jákvæð gagnvart því að gerast BREEAM Champion á íslenskum markaði á síðustu fundi.

Það þarf þó að vera varnagli í samningi um það að við getum bakkað út úr þessu samstarfi ef við teljum þörf á. Félagið býið að fá jákvæð viðbrögð á það.

Stefnum að þessu.

## 6. WGBC – aðildarumsókn

Klára fyrir 18. September.

- Uppfæra lög
- Gera siðareglur fyrir starfsmenn og stjórnarmenn félagsins
- Stefnumótun og fjárhagsáætlun næstu þriggja ára
  - Financial plan
  - Business plan
  - Membership plan – how we differentiate our membership levels.
- Kostnaður – 5% af tekjum félagsins á fyrra starfsári – þ.e. aðildagjöldin 2021 – taka mið af tekjum 2019 – sem voru um 49 milljónir – þ.e. eru aðildagjöldin 2 milljónir fyrir starfsárið 2021.

Ekki mörg verkefni í gangi þar sem við gætum verið með núna – en gæti breyst. Eru reglulegir fundir.

Komin drög að siðareglum félagsins.

Spurning er hvort við eigum að vera með aðeins dýpra aðildaplan? Þjónusta við félögin sé misjöfn eftir aðildaflokki. Kannski þarf að gera meira fyrir þá aðila sem eru að borga mest? Stjórnin þarf aðeins að velja þessu fyrir sér.

Stefnumótun – við gætum byrjað á að móta strúktur tengt stefnumótuninni sem mótar þessar pælingar varðandi aðildagjöldin betur.



Purfum að veða og meta vel aðildana og hvað hver aðildaflokkur veitir þér. Við gætum mögulega breytt þessu samhliða umsókn um WGBC og samstarf því tengdu. Þá er hægt að stilla því þannig upp að GB snúi sér fyrst til þeirra sem borga mest varðandi samstarf í verkefnum á vegum WGBC.

Það þarf að leggjast í vinnu tengt þessari umsókn, ekki alveg klár.

Reikningur upp á tvær milljónir frá WGBC. Þetta er hluti af styrkjum sem félagið hefur fengið undanfarið ár, þarf að greiða hluta til WGBC. Umræða um þetta fyrirkomulag á meðal stjórnar. Umræða um það hvort að Þórhildur getur einhvern veginn náð að lækka þessa upphæð. Við höfum fyrst og fremst verið umsýsluaðilar þessara styrkja. Spurning um sveigjanleika varðandi þetta?

Purfum að sætta okkur við að það tekur tíma að komast inn í rannsóknarverkefni á vegum WGBC.

## 7. Aðalfundur – undirbúningur – lagabreytingar tillaga

**Staðsetning** – Þórhildur er farin að hallast að því að hafa fundinn á netinu sökum Covid. Samt á báðum áttum.

Svo er spurning hvort við gætum haft hann í stórum sal, upp á lögmæti fundar, kosningu o.fl. Setja skýrar reglur varðandi umgengni og skráningu á fundinum í ljósi sóttvarnarsjónarmiða. Þórhildur gerir ekki ráð fyrir meira en 15-20 manns.

Ætti mögulega að streyma fundinum líka? Purfum að taka afstöðu til þess hvort að hægt sé að kjósa á netinu. Passa upp á lögmætið. Það skiptir máli hvernig staðið er að „online“ kosningu.

Það er búið að boða löglega til fundarins. Það þarf að senda út tillögu um lagabreytingu fyrirfram. Það er hægt að hafa bréflega kosningu líka.

Verkís hefur haldið slíka fundi í 80 manna matsal. Þá er fundum streymt og hinn helmingurinn er fjarstaddur. Sá sem er fjarstaddur getur ekki tekið þátt í fundinum, bara fylgst með.



Væri gott að athuga með þáttöku fyrirfram.

Niðurstaða stjórnar varðandi aðalfund: Höldum fund í sal og bjóðum upp á streymi líka. Fyrirfram skráning á fund og metið hvort að það þurfi streymi.

### **Fundarstjóri**

Umræður um óháðan fundarstjóra. Þórhildur finnur fundarstjóra.

### **Stefnumótun næsta starfsár**

Þórhildur myndi vilja að það væri kynning á stefnumótun fyrir næsta ár. Þórhildur leggur til að Ragnar kynni það, út frá starfsáætlun. Umræður um áætlunina í kjölfarið.

### **Ársreikningur**

Þórhildur biður Kristjönu að taka að sér að kynna ársreikninginn. Kristjana er til í það.

### **Ársskýrsla**

Einhver úr stjórninni tekur það að sér. Fara yfir síðasta ár.

### **Sendu út lagabreytingu**

Stjórnin fer yfir þessa tillögu á fundinum. Formsatriði.

### **Hugmynd af breytingartillögu:**

Bæta við liðum sem skal taka fyrir á aðalfundi félagsins ár hvert.

*2. Tillaga stjórnar að stefnumótun næsta starfsárs*

*3. Fjárhagsáætlun stjórnar fyrir næsta starfsárs*

Markmiðið er að það fari fram umræða um stefnumótun og fjárhagsáætlun félagsins á aðalfundi.

Umræða fer fram hjá stjórn um lagabreytingu. Sátt um þessa tillögu meðal stjórnar.

Breytingartillaga varðandi stjórn (6. Gr.)

*Stjórnarmenn geta verið endurkjörni að hámarki þrisvar sinnum í röð.*

*Stjórnarformaður, sem kosinn er af stjórn getur að hámarki setið sem*

*stjórnarformaður í fjögur starfsár í röð.*





Þetta er gert til að tryggja hreyfingu á stjórnarmeðlimi þannig að það sitji ekki sama fólkið í stjórn ár eftir ár. Gert til að tryggja nýliðun. Stjórnin er sammála um að þessi tillaga sé skref í rétta átt. Þetta tryggir lýðræði aðildafélagana.

Það þyrfti líklega að fylgja tillögunum umsögn.  
Þessar breytingar hjálpa félaginu, verður faglegra.

Það þarf að senda út póst á aðila, ásamt greingargerð um þessar lagabreytingar.  
Ragnar sendir út.

Finna þarf stað og fundarstjóra og senda út póst varðandi breytingar á lagatillögu.

Umræða um nýja stjórnarmeðlimi. Tryggja góða blöndu. Komið eitt framboð í stjórn, efnilegur fulltrúi.

## **8. Rekstur skrifstofu**

### **Starfshlutfall framkvæmdastjóra og leyfi**

-Þórhildur er 80% næstu þrjá mánuði. Utanlandsferðin/leyfið dettur líklega upp fyrir.  
Tekur jafnvel frí í janúar.

### **Elísabet verður fram í október – mögulega lengur**

Mjög öflugur starfsmaður með margt í gangi.

### **Fjárhagsstaðan og WGBC reikningur**

Fjárhagsstaða þokkaleg, ekki mikil innkoma eins og er þó. Fyrst og fremst styrkur frá HMS.

### **Húsnæði – fram að áramótum**

- Gróska (margfalt dýrari húsaleiga þó aðstaða sé góð)
- Önnur aðildarfyrirtæki – Tröð
- Annað húsnæði hjá Reitum

Félagið er ánægt á Laugavegi en ekki alveg ljóst hversu lengi félagið hefur aðgang að þessu húsnæði.



Fundi slitið: 16:30